



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Nuddari, námsbraut fyrir nuddara**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

**Massage therapist**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- tekur á móti nuddþega og ákveður meðferð með hliðsjón af líkamlegu ástandi, óskum eða þörfum viðkomandi
- getur beitt mismunandi nuddaðferðum, svo sem ilm-, sogæða-, svæða- og íþróttanuði eða punktameðferð
- notar heita og kalda bakstra til stuðnings nuddinu og til að hafa áhrif á blóðstreymi
- hefur góða þekkingu á öllum vöðvum líkamans
- leiðbeinir um heilbrigðar lífsvenjur, hreyfingu, mataræði og rétta líkamsbeitingu

(Heimild Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). 1996. Starfslýsingar II, sérgreinar í iðnaði og þjónustu. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Iðnú, bls. 60)

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Nuddarar starfa á nuddstofum, heilsuræktarstöðvum og sundlaugum þar sem þeir meðhöndla bólgu, spennu og aðra kvilla í vöðvum og vefjum með nuddi.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú til fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 25 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)